


Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍKReykjavík, 25. maí 2022  
Tilvísun: OS2022040050/10.40.0  
Verknúmer: 3340300**Efni: Tillaga að matsáætlun vegna 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar í Fjarðabyggð**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 22. apríl 2022, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna yfirstandandi framkvæmda vegna 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar í Fjarðabyggð, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og frámsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Fram kemur að yfirstandandi framkvæmd felur í sér lengingu Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti, gerð nýrrar, um 500 m langrar, Framnesbryggju með stálþilskanti vestan Mjóeyrarbryggju og um 12,5 ha landfyllingu sem náí frá fyrri strandlengju að bryggjukanti, auk tengdra framkvæmda. Athygli vekur að framkvæmdir hafa hafist án lögformlegs undirbúnings skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Ekki kemur fram í framsettum gögnum hvort framkvæmdaleyfi hafi verið veitt fyrir framkvæmdunum eða hvort þær hafi líka hafist án þess.


Sá hluti framkvæmdarinnar sem tengist með beinum hætti starfssviði Orkustofnunar lýtur að efnisöflun til landfyllingar innan hafnarkanta. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins (hafsbotslög), er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Leit, rannsóknir og nýting efnis af hafsbotni eða úr honum utan netlaga eru óheimilar án skriflegs leyfis Orkustofnunar, sbr. 2. og 3. gr. laganna. Þá ber Orkustofnun að gæta að hagsmunum íslenska ríkisins, sbr. t.a.m. 2. mgr. 3. gr. Eftirfarandi umfjöllun er miðuð út frá framangreindu hlutverki stofnunarinnar.


Orkustofnun hefur veitt Fjarðabyggðarhöfnum tvö leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga út af Eyri í Reyðarfirði, annars vegar 80.000 m<sup>3</sup> (leyfi OS-2018-L002-01, rann út 1. febrúar 2020) og hins vegar til töku á allt að 520.000 m<sup>3</sup> (leyfi OS-2019-L010-01, gildistími til 31. desember 2029). Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hafa verið teknir um 201.400 m<sup>3</sup> úr námunni. Þá telur Orkustofnun rétt að fram komi að með bréfi, dags. 13. janúar 2017, féllst Orkustofnun á að tilgreind efnistaka af hafsbotni út af ós Ljósár í Reyðarfirði væri innan netlaga og því ekki háð leyfi stofnunarinnar skv. hafsbotslögum. Fram kemur í tillögu að matsáætlun (kafla 2.6.1) að hluti þess efnis sem þegar hafi farið til landfyllingar hafi verið tekið úr þessum námum og eftir því sem þurfa þyki muni áfram vera nýtt efni úr námunni við Eyri. Orkustofnun bendir á að líkt og frammar greinir er öll efnistaka af hafsbotni utan netlaga háð leyfi stofnunarinnar og því þarf að bæta nýtingarleyfi skv. 3. gr. hafsbotslaga við upptalningu á leyfum sem framkvæmdin er háð í kafla 1.5.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna yfirstandandi uppbyggingar á 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafna í Þjarðabyggð. Tekið skal fram að framangreint byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem tilgreind eru í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til frekari umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stígum, ef af verður.


Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

  
Kristján Geirsson  
verkefnastjóri

  
Hanna Björg Konráðsdóttir  
lögfræðingur



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands



21. maí 2022

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

### Umsögn um matsáætlun vegna 2. áfanga landfyllingar við Mjóeyrarhöfn

Með tölvupósti dags. 22. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands um matsáætlun vegna 2.áfanga landfyllingar við Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð. Matsáætlunin sem hér er til umsagnar er lögð fram af Fjarðabyggðarhöfnum og er hún dagsett 20. apríl 2022.

Áætlunin gerir m.a. ráð fyrir því að Mjóeyrarbyggja verði lengd um 50 metra og í framhaldi af henni verði byggð ný 550 metra löng byggja, Framnesbyggja. Þá verður athafnasvæði Mjóeyrarhafnar stækkað með landfyllingu. Fram kemur að unnið sé að breytingum á deiliskipulagi Mjóeyrarhafnar og er gert ráð fyrir að breytingin verði auglýst samhliða umhverfismatsskýrslu.

Fram kemur að staða mála varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé um margt óvenjuleg, ekki síst í ljósi þess að framkvæmdinni er að mestu lokið nú þegar. Undir þetta sjónarmið getur Heilbrigðisnefnd Austurlands tekið.


*Sú framkvæmd sem lýst er í áætluninni er ekki starfsleyfisskyld skv. reglugerð 550/2018, og þar af leiðandi ekki háð leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands sem gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina að öðru leyti*

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK



Garðabær, 25. maí 2022  
Málsnúmer: 202204-0028  
LA

## Efni: Matsáætlun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 22. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun varðandi uppbyggingu 2. áfanga Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði.

Í matsáætlun kemur fram að staðsetning Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði, sé í samræmi við Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040 þar sem gert er ráð fyrir því að á Mjóeyrarhöfn sé aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi, svo sem vöruskemmur, gá mavelli, hafnarmannvirki og aðstöðu fyrir losun og lestun, auk iðnaðar sem tengist nálægum innviðum og starfsemi. Mjóeyrarhöfn er með stærstu vöruflutningahöfnum landsins og mikilvægasta vöruflutningahöfn á Austurlandi.

Þá kemur fram að framkvæmdir við 2. áfanga eru nú þegar hafnar og hefur verið fyllt í 10,6 ha svæði fyrir landfyllingar. Eftir er að fylla í um 1,9 ha landfyllingu, lengja Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti og byggja nýja bryggju, Framnesbryggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili.

Breytingar voru gerðar á hönnun hafnarkants Framnesbryggju og Mjóeyrarbryggjuna miðað við núgildandi deiliskipulagi. Felast þær í að hafnarkantur Mjóeyrarbryggju verður lengdur til vesturs og hafnarkantur Framnesbryggju verður lengdur til suðurs. Nú er unnið að breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 til að tryggja samræmi við fyrirhugaðar breytingar sem mun einnig fela í sér stækkun á núverandi athafnasvæði hafnarinnar til vesturs. Þessi breyting á deiliskipulagi Hrauns 1, verður auglýst samhliða umhverfismatsskýrslunni fyrir 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar.

Efni landfyllingar sem nú þegar hefur verið nýtt í 2. áfanga hefur fallið til við byggingu álversins og við landmótun athafnasvæðisins til norðurs, s.s. skeringar. Auk þess hefur fyllingarefni fengist með efnistöku á hafsbotni, þ.e. um 200.000 m<sup>3</sup> frá Eyri, 50.000 m<sup>3</sup> frá Ljósá og einnig um 45.000 m<sup>3</sup> af efni úr Reyðarfjarðarhöfn vegna dýpkunar.



Á bls. 16 koma fram fyrirbyggjandi leyfi til efnistöku úr sjó

- Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á 120.000 m<sup>3</sup> efnis úr sjó við Ljósá í Reyðarfirði. Enn eru eftir um 50.000 m<sup>3</sup> efnis við Ljósá, en 70.000 m<sup>3</sup> hafa verið nýttir í 2. áfanga.
- Leyfi frá Orkustofnun til tilraunatöku á 3.900 m<sup>3</sup> frá Eyri. Þetta efni hefur þegar verið nýtt í 2. áfanga.
- Tvö leyfi frá Orkustofnun á töku á samtals 600.000 m<sup>3</sup> efni út skilgreindu efnistökusvæði við Eyri í Reyðarfirði, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, nefndum hafsbotnslögum. Enn eru eftir um 356.000 m<sup>3</sup> efnis við Eyri.

Á bls. 41 kemur fram að staða mála varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar er um margt óvenjuleg þar sem framkvæmdum er að mestu lokið. Fyrir liggja óvenju miklar og góðar rannsóknir af framkvæmdasvæði 2. áfanga og nágrenni, vegna þeirra rannsókna sem lagt var í vegna álversframkvæmda, það er uppbyggingar álvers Alcoa Fjarðaáls og Mjóeyrarhafnar. Flestar þessar rannsóknir voru unnar á árunum 1999 – 2001 og eru niðurstöður þeirra nýttar við gerð þessarar matsáætlunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur margt með ágætum koma fram í matsáætlun um uppbyggingu 2. áfanga Mjóeyrarhafnar og sem þurfi að koma fram í mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar vill stofnunin benda á að fyrri rannsóknir eru yfir 20 ára gamlar, rannsóknarsvæði hafa orðið fyrir raski eða eru ekki lengur til staðar og að á þeim tíma sem liðinn er hafa orðið miklar breytingar sem tengjast hafnarstarfsemi álversins. Náttúrufræðistofnun telur að eftirfarandi umhverfisþætti þurfi að skoða og gera grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum:

#### **Botndýralíf og mengun á botnseti við Mjóeyrarhöfn**

Ekki er fjallað um núverandi ástand á botndýralíf sjávar við Mjóeyrarhöfn eða hvaða breytingar hafa orðið frá því rannsóknir voru unnar á árunum 1999-2001.

Alcoa Fjarðarál hóf starfsemi sína árið 2007 og á þessum tíma hafa verið miklir skipaflutningar og hafnarstarfsemi í tengslum við álverið.

Þá þarf að skoða hvort við Mjóeyrarhöfn þrífist framandi tegundir sem borist hafa með kjölvatni skipa. Gögn vantar fyrir þennan þátt og leggur Náttúrufræðistofnun til að sett verði út net vöktunarstöðva þar sem fylgst er reglulega með botndýralífi.

Gera þarf grein fyrir mengun við hafnarsvæðið, en vel er þekkt t.d. mengun af trífútulýtin (TBT) sem á rætur að rekja til skipamálningar og veldur efnið vansköpun hjá sæsniglum sem gerir þá ófæra að fjölga sér ([https://reykjavik.is/sites/default/files/vidauki\\_2\\_botndyr.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vidauki_2_botndyr.pdf))

Gera þarf grein fyrir frárennsli eða regnvatnsútrás af hafnarsvæðinu út í sjó, ásamt mögulegri mengun sem tengist því.

#### **Efnisnámur í sjó og á landi**

Gera þarf betur grein fyrir efnistökusvæðum, bæði á landi og í sjó, þar sem fram kemur nákvæmari staðsetning, upplýsingar um setgerð, og áhrif efnistökkunnar á lífríki. Öll efnistaka í sjó veldur raski á sjávarbotni og þeim búsvæðum sem þar eru.

Gera þarf grein fyrir umfangi (flatarmáli) og dýpi efnistökkunnar á hafsbotni.



Upplýsingar vantar um gerð botndýralífs við efnistökusvæði í sjó, áhrif gruggs á nærliggjandi hafumhverfi og möguleg losun mengunarefna þegar hreyft er við botnseti.

Skoða þarf hafstrauma við efnistöku á hafsbotni, en samhliða mikilli efnistöku á hafsbotni geta straumar raskast og breytt setflutningum innan svæða.


Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 25.05.2022  
MFRI: 2022-04-0355

### Efni: Stækkun Mjóeyrarhafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.


Uppbygging hafnarsvæðisins verður gerð í áföngum. Þessi áfangi sem fjallað er um í umhverfismatskýrslunni er annar áfangi. Í honum felst m.a. lenging Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti, gerð nýrrar bryggju með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili. Stækkun athafnarsvæðisins verður um 12,5 ha með landfyllingu, sem nær frá upphaflegri strandlínu að bryggjuþiljum stækkaðrar Mjóeyrarbryggju og nýrrar Framnesbryggju. Einnig verður gerð grjótvörn sem verður um 1,04 ha.

Um er að ræða nú þegar mikið raskað svæði. Matsáætlunin virðist uppfylla þær kröfur sem hún á að uppfylla m.t.t. starfssviðs Hafrannsóknastofnunar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*  
Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

|  |
|--|
|  Skipulagsstofnun |
| Mótt.: 30 maí 2022   |
| Mátnr. 202204025   |



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 30. maí 2022  
MÍ202205-0167/ 6.07 / K.M.

## Efni: Stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 22. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Í matsáætlun kemur fram að Fjarðarbyggðarhafnir byggi nú upp 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði. Í matsáætlun segir að í framkvæmdinni felist lenging Mjóeyrarbyggju um 50 m með stálþilskanti. Gerð nýrrar byggju, Framnesbyggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili. Stækkun athafnasvæðis Mjóeyrarhafnar um 12,5 ha með landfyllingu, sem nær frá strandlínu sem var áður en hafist var handa við uppbyggingu, að byggjuþiljum stækkaðrar Mjóeyrarbyggju og nýrrar Framnesbyggju. Grjótvörn um 1,04 ha sem þegar hefur verið reist fyrir viðlegu hafsögubáts vestast á athafnasvæðinu.

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdir við þennan áfanga Mjóeyrarhafnar séu þegar langt komnar. Nú þegar hefur verið fyllt í 10,6 ha svæði fyrir landfyllingar. Eftir sé að fylla í um 1,9 ha svæði, lengja Mjóeyrarbyggju um 50 m með stálþilskanti og byggja nýja byggju, Framnesbyggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili.

Í kafla 2.6 í matsáætlun er fjallað um efnistöku. Þar segir að áætluð heildar efnisþörf fyrir þá 1,9 ha sem enn á eftir að fylla upp í sé um 210.000 m<sup>3</sup>. Um 120-130.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn, verði nýttir í landfyllinguna og það sem uppá mun vanta eða um 80-90.000 m<sup>3</sup> verði efni sem falla mun til úr skeringum við landmótun á athafnasvæðinu.

Fjallað er um fornleifar í kafla 3.2.7 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á svæðinu árið 1999. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Engar fornleifar voru skráðar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um merkingarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki læranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is





Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 12. maí 2022  
UST202204-191/B.S.  
10.05.03

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Stækkun Mjóeyrarhafnar. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Að mati Umhverfisstofnunar er greinargerðin mjög ítarleg og vel unnin. Aflað hefur verið allra nauðsynlegra gagna. Myndræn framsetning er mjög góð.

Landfyllingu er að hluta lokið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að umframefni sem til fellur við framkvæmdir s.s. uppmokstur úr húsgrunnum sé nýttur sem fyllingaefni eins og hér hefur verið gert. Þetta verklag ætti að viðhafa oft og ætti að gera slíkt við næstu áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skoða hvernig best sé að koma efnislosun af þessu tagi í fastari skorður.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

**Jakob Gunnarsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats  
Skipulagsstofnun  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)



## Stækkun Mjóeyrarhafnar, uppbygginga 2. áfanga. Umsögn um matsáætlun.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn frá Alta dags. 20. 4. 2022.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega. Vegagerðin gerir ráð fyrir að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði utan veghelgunarsvæðis Norðfjarðarvegur (92) en verulegur hæðarmunur á vegi og athafnasvæði getur kallað á aðgerðir meðfram vegi til að tryggja umferðaröryggi. Mjóeyrarvegur (9572) liggur að höfninni og svo virðist sem mikill hæðarmunur verði einnig meðfram honum. Bent er á að báðir fyrrgreindir vegir eru stofnvegir. Vegagerðin leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir stefni ekki vegamannvirkjum í hættu og að tryggt sé að umferðaröryggi verði ákjósanlegt. Vegagerðin óskar eftir sniði í svæðið, þvert á vegi og athafnasvæði þar sem gerð er grein fyrir fláum og hæðarmun. Slíkar upplýsingar hafa ekki borist. Óskað er eftir frekara samráði vegna áhrifa framkvæmdarinnar á vegi í umsjá Vegagerðarinnar.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við lengingu viðlegukants en bendir á umræður á fundi með sveitarfélaginu varðandi ofanvatn og brots í línu í viðlegukanti. Talsvert vatn kemur niður hlíðina og tryggja þarf því farveg til sjávar. Gera þarf betur grein fyrir lausnum er varða ofanvatn.

Jafnframt er bent á að athafnasvæði við vestasta hluta viðlegukants er óvenju takmarkað og kostnaður við þil umtalsverður.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)

## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir - SLS

---

**Frá:** Valur Sveinsson <valur@fjardabyggd.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 3. maí 2022 09:39  
**Til:** Skipulagsstofnun - SLS; Egill Þórarinsson - SLS  
**Afrit:** Jakob Gunnarsson - SLS  
**Efni:** 2204067 Stækkun Mjóeyrarhafnar - Umsögn Fjarðabyggðar

Góðan dag

Erindi Skipulagsstofnunar vegna beiðnar um umsögn vegna matsáætlunar Fjarðabyggðarhafna vegna 2. áfanga Mjóeyrarhafnar var tekin til umfjöllunar á 311. fundi eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar 2. maí 2022.

Eftirfarandi var bókað:

*Lögð fram beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn um matsáætlun Fjarðabyggðarhafna vegna 2. áfanga Mjóeyrarhafnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

*Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við matsáætlunina.*

Ofanritað tilkynnist hér með.

*Kveðja Valur Sveinsson*




**FJARÐABYGGÐ**

Þú ert á góðum stað

Valur Sveinsson  
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsviðs  
[valur.sveinsson@fjardabyggd.is](mailto:valur.sveinsson@fjardabyggd.is)

Fjarðabyggð +354 470 9061  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)



[Fyrirvari/legal disclaimer](#)

---

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>  
**Sent:** 22.04.2022 15:59:21  
**To:** Valur Sveinsson  
**Subject:** FW: Stækkun Mjóeyrarhafnar - Umsagnarbeiðni

Umsagnarfrestur misritaðist og er þess óskað að umsögn berist fyrir 25. maí nk.

---

**From:** Jakob Gunnarsson

**Sent:** 22.04.2022 15:49:55